

Fundargerð

Stjórnarfundur foreldrafélags Kársnesskóla, 14. nóvember 2022

Mætt: Aldís Rún Lárusdóttir, Helga Guðný Sigurðardóttir, Indriði Ingi Stefánsson, Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, Rikke Pedersen og Súsanna Pétursdóttir.

Fjarverandi: Aðalsteinn Möller, Ragna Finnbogadóttir og Þorleif Kristín Hauksdóttir.

1. Fundargerð seinasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Fjármál.

Súsanna er komin með aðgang að heimabanka. Það er til einhver peningur en stórum hluta þess hefur verið lofað til kaupa á taflborðum. Þau hafa ekki verið fánleg undanfarið og því hefur málið dregist. Indriði ætlar að kanna hvort hægt sé að sækja um í skákstyrktarsjóð Kópavogs. Kristjana og Súsanna munu svo taka þetta mál áfram.

Til stendur að senda út upplýsingar um að það verði rukkuð félagsgjöld og minna á í hvað þau eru notuð. Árgjaldið verður 3000 kr á fjölskyldu (eins og var). Súsanna fer í að vinna lista og senda út rukkanir.

Styrkbeiðnir sem þegar eru komanr inn verða afgreiddar.

3. Foreldraröltið.

Foreldraröltið gengur ágætlega en þátttaka mætti vera betri. Núna er 6. bekkur. Stungið uppá að enda röltið á Mossley og kanna með afsláttarkjör þar.

4. Samkóp.

Góð mæting frá okkar stjórn á fræðslu frá Heimili og skóla. Fyrirhugaður Teams fundur 21. nóv sem Rikke kemst ekki á. Súsanna mætir í hennar stað.

Kristjana og Rikke sjá um að panta og boða kynningu frá Heimili og skóla fyrir bekkjarfulltrúa.

5. Jólafondur

Jólafondur verður laugardaginn 26 nóvember kl. 11-14. Aðalsteinn og Indriði samræma sig og setja í forgang að koma út auglýsingu. 10 bekkur verður með kertasölu og kaffisölu sem fjáröflun fyrir útskriftarferð.

6. Önnur mál

Rætt var um mál sem kom upp í skólanum í tengslum við Tiktok reikning sem gekk út á að gera grín að nemendum skólans. Foreldrafélagið hvetur skólann til að koma sterkar inn í svona málum. Sem forvörn og til þess að hægt sé að grípa fljótt inni er mikilvægt að fylgjast með hvað er í gangi á samfélagsmiðlum, einkum þegar nafn skólans kemur fyrir.

Stefnt er að jólafundi 14. desember nk.

Fundarritari: Aldís